

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum  
(afnám krónu á móti krónu skerðingar).

Flm.: Halldóra Mogensen, Anna Kolbrún Árnadóttir, Birgir Þórarinnsson,  
Guðjón S. Brjánsson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Hanna Katrín Friðriksson,  
Helga Vala Helgadóttir, Helgi Hrafn Gunnarsson, Inga Sæland, Jón Þór Ólafsson,  
Olga Margrét Cilia, Sigurður Páll Jónsson, Smári McCarthy, Þorgerður K. Gunnarsdóttir,  
Þorsteinn Víglundsson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

1. gr.

Í stað „956.088 kr.“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: 2.465.376 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2019.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 148. löggjafarþingi (39. mál). Frumvarpið hefur tekið þeim breytingum frá því að það var áður flutt, að ekki er gert ráð fyrir breytingum á lögum um félagslega aðstoð. Ekki verður nauðsynlegt að fella út 2. mgr. 9. gr. þeirra laga þegar fjárhæð tekjutryggingar verður hækkuð með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frumvarpsins. Þá hafa fjárhæðir í greinargerð verið samræmdar með tilliti til hækkana á sérstakri uppbót til framfærslu 1. janúar 2018.

Með frumvarpi þessu er fjárhæð sérstakrar framfærsluuppbótar, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, færð í 22. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007. Með því að færa hámarksfjárhæð sérstakrar framfærsluuppbótar inn í ákvæði um tekjutryggingu er stuðlað að minni skerðingu fyrir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega þar sem sérstaka uppbótin skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð skerðist um 100% vegna allra tekna sem lífeyrisþegar kunna að fá. Slík skerðing hefur í daglegu tali verið nefnd króna á móti krónu skerðing. Einnig skerðast lífeyrisgreiðslur að sama marki og verða því heildartekjur lífeyrisþega óbreyttar þrátt fyrir tekjur annars staðar frá. Þá skerða allar aðrar skattskyldar tekjur uppbótina, þar á meðal bætur almannatrygginga og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, sem og erlendar tekjur. Slíkar skerðingar hafa neikvæð áhrif á lífskjör örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

Króna á móti krónu skerðing er mjög hamlandi og leiðir til þess að margir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hafa engan eða lítinn ávinning af atvinnuþátttöku. Núverandi fyrirkomulag gerir lítið úr vinnuframlagi fatlaðs fólks. Við lagabreytinguna myndast hvati til atvinnuþátttöku þeirra sem eiga rétt á þessari uppbót núna. Þá verður að nefna þann hluta örorkulífeyrisþega sem hefur náð að safna lífeyrisréttindum, en nýtur ekki ávinnings af þeim réttindum vegna krónu á móti krónu skerðingar. Þannig getur þessi breyting veitt þeim hópi mikilvæga kjarabót og aukið tiltrú á lífeyrissjóðskerfið. Þá skerða vextir og verðbætur á

bankareikningum og aðrar fjármagnstekjur framfærsluuppbótina, krónu á móti krónu. Það sama á við um aðrar tekjur, til að mynda mæðra- og feðralaun, dánarbætur og úttekt séreignasparnaðar. Örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum með lágar aðrar tekjur er því gert ókleift að bæta stöðu sína lítilla með tekjum annar staðar að. Vert er að hafa í huga að allar tekju-skerðingar reiknast af tekjum fyrir skatt.

Ellilífeyrisþegar sættu áður skerðingu á sérstakri uppbót til framfærslu vegna annarra tekna. Hún var afnumin með lögum um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, nr. 116/2016, þar sem gerðar voru ýmsar einfaldanir og breytingar á ellilífeyriskerfinu. Að gera slíkt hið sama fyrir örorkulífeyrisþega er réttlætismál óháð hugmyndum um starfsgetumat.

Á 146. löggjafarþingi lagði flutningsmaður fram fyrirspurn til félags- og jafnréttismálaráðherra (588. mál). Meðal þess sem spurt var um var eftirfarandi:

„Hver yrði árlegur viðbótarkostnaður ríkissjóðs við almannatryggingakerfið ef uppbót á lífeyri vegna framfærslu skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð yrði felld inn í tekjutryggingu skv. 22. gr. laga um almannatryggingar þannig að hætt yrði að skerða uppbótina „krónu á móti krónu“ vegna annarra tekna lífeyrisþega? Óskað er eftir svari miðað við óbreytta tekjutryggingu.“

Samkvæmt svari ráðherra yrði kostnaður við slíka aðgerð um 11,4 milljarðar kr., miðað við fjárhæðir tekjutryggingar og sérstakrar uppbótar til framfærslu þá. Gæta verður þó að því að þar er einungis metinn hreinn kostnaður við breytinguna. Ekki er lagt mat á tekjur sem mundu skapast af aðgerðinni, t.d. með aukinni atvinnuþátttöku lífeyrisþega, aukinni framleiðslu og auknum skatttekjum. Því er ljóst að raunverulegur kostnaður við aðgerðina yrði nokkru lægri.

Fjárhæð sérstakrar uppbótar til framfærslu til tekjulausra örorkulífeyrisþega fer eftir því hversu háa upphæð þeir fá í aldurstengda örorkuuppbót og eftir því hvort þeir búa einir eða ekki. Fjárhæðin fer úr því að vera 5.186 kr. á mánuði hjá þeim sem búa með öðrum og eru með hæstu mögulegu aldurstengda örorkuuppbót í að vera 61.772 kr. á mánuði hjá þeim sem búa einir og eru með lægstu mögulegu aldurstengda örorkuuppbót. Til að tryggja að enginn örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegi verði fyrir skerðingu vegna breytinga samkvæmt frumvarpi þessu er nauðsynlegt að hækkun tekjutryggingar sé jafnhá og hæsta mögulega fjárhæð sérstakrar uppbótar til framfærslu, en sú upphæð er 61.772 kr. á mánuði. Er þá gert ráð fyrir því að sú hækkun muni gera það að verkum að sérstök uppbót til framfærslu verði ekki greidd út þegar tekjutrygging er greidd að fullu, og muni því flestir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar hætta að fá greidda sérstaka uppbót til framfærslu. Aldurstengd örorkuuppbót skerðir framfærsluuppbótina krónu á móti krónu með þeim afleiðingum að hún nær ekki upprunalegum tilgangi sínum, þ.e. að koma á móts við þá einstaklinga sem fá örorkumat ungir og ná ekki að safna réttindum í lífeyrissjóð. Lagabreytingin yrði til þess að aldurstengd örorkuuppbót mundi ná tilgangi sínum.